



cutting through complexity™

Mismunandi rekstrarform - skattlagning hagnaðar og úttektir úr rekstri

Ása Kristín Óskarsdóttir

Lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði
KPMG ehf.

9. nóvember 2012



Helstu form rekstrar (félagafarm)

- **Einstaklingsrekstur**
- **Einkahlutafélög**
- **Hlutafélög**
- **Sameignarfélög**
- **Samlagsfélög**
- **Samlagshlutafélög**
- **Sjálfseignarstofnanir**
 - Fjárhagslegar
 - Ófjárhagslegar

Einstaklingsrekstur (einkafirma)

Almennt

- rekstur á kennitölu rekstraraðila (engin formleg stofnun)
- skráningarkostnaður kr. 66.500 (ef skráð í firmaskrá)

Kostir

- einföld og ódýr leið
- engin krafa um stofnframlag
- engin krafa um skráningu rekstrar
- einfalt lagaumhverfi
- einstaklingurinn einn á báti
- hentar vel í tímabundnum rekstri
- engar hömlur á úttekt úr rekstri

Gallar

- ófullkomið lagaumhverfi
- hætta á blöndun fjármála einstaklings og rekstrar
- erfiðara að skilja á milli kostnaðar vegna rekstrar og einstaklingsins
- ótakmörkuð ábyrgð skuldbindinga– áhætta/persónuhagsmunir (maki ber ábyrgð á skattgreiðslum, þó ekki vörslusköttum)
- óhagstæð skattlagning – eins og einstaklingur
- erfitt að fá samstarfsaðila í reksturinn eða selja hann öðrum aðila

Hluta- og einkahlutafélög

Hlutafélagiformið

- lög nr. 2/1995, um hlutafélög
- lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög
- lög um hluta- og einkahlutafélög um margt lík, þó einfaldari reglur í einkahlutafélögum

Kostir

- Ábyrgð takmörkuð við hlutafé
- Áhættunni oft dreift á marga
- Auðvelt að hafa marga hluthafa
- Möguleiki á að vera óvirkur hluthafi
- Framseljanlegir hlutir

Gallar

- Gallar í lögum – glufur og göt
- Takmörkuð ábyrgð, frá sjónarhóli viðsemjanda (lánveitenda)
- Eftirlit hefur ekki verið nægilegt
- Minni sveigjanleiki en í t.d. einkarekstri (t.d. varðandi úttektir úr rekstri)
- Kostnaður þegar rekstri er hætt
- Óskýrar reglur um skattlagningu arðs

Einkahlutafélög (ehf.)

Almennt

- lágmarkshlutfé kr. 500.000
- einn eða fleiri stofnendur
- skráningarkostnaður kr. 130.500
- a.m.k. einn stjórnarmaður og einn varamaður í stjórn
- ekki skylda til að ráða framkvæmdastjóra
- tekjuskattur 20% (ekkert útsvar)
- skylda til að skila ársreikningi til ársreikningaskrár

Kostir

- enginn ábyrgur umfram inngreitt hlutfé – áhætta takmörkuð
- einfalt að taka inn nýja aðila – þó strangar formreglur
- einföld slit
- ekki stimpilgjald – þ.e. engin hlutabréf gefin út

Gallar

- hömlur á úttekt – gegnum arð (strangar reglur)
- minni sveigjanleiki en í einstaklingsrekstri
- kostnaðarsamt að slíta ehf.

Hlutafélög (hf.)

Almennt

- lágmarkshlutafé kr. 4.000.000
- a.m.k. tveir stofnendur
- skráningarkostnaður kr. 256.000
- a.m.k. þrír menn í stjórn
- skylda til að ráða framkvæmdastjóra
- tekjuskattur 20% (ekkert útsvar)
- skylda að skila ársreikningi til ársreikningaskrár

Kostir

- enginn ábyrgur umfram inngreitt hlutafé – áhætta takmörkuð
- einfalt að taka inn nýja aðila – þó strangar formreglur

Gallar

- hömlur á úttekt – gegnum arð (strangar reglur)
- skylda til að gefa út hlutabréf og greiða 0,5% stimpilgjald af nafnverði
- kostnaðarsamt að slíta hf.

Arðgreiðslur úr hluta- og einkahlutafélögum

Almennar reglur um skattlagningu arðs

Arðgreiðslur eru skattlagðar sem fjármagnstekjur

- 20% skattlagning hjá hluthafa sem er einstaklingur, engar frádráttarheimildir
 - skylda til að halda eftir staðgreiðslu og skila í ríkissjóð hvílir á félaginu
- 20% skattlagning hjá hluthafa, m.a. hluta- og einkahlutafélög. Fullur frádráttur á móti skv. 9. tl. 31. gr. tsl.
 - skylda til að halda eftir staðgreiðslu og skila í ríkissjóð hvílir á greiðanda, óháð heimildum móttakanda til frádráttar
 - undanþága frá staðgreiðslu séu greiðandi og móttakandi samskattaðir aðilar
- 20% skattlagning hjá hluthafa (staðgreiðsluskylda hjá greiðanda) sem er sameignar- eða samlagsfélag.
 - enginn frádráttur – endanlegur skattur.

Arðgreiðslur úr hluta- og einkahlutafélögum

Sérreglur um úthlutun arðs til þeirra manna sem ber að reikna sér endurgjald í 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

„Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, og skattleggja í samræmi við 5. mgr. 66. gr. Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrисиðgjalds né teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda“

Sá hluti arðgreiðslu sem skattleggst sem laun er skattlagður í miðjuþrepinu – 25,8% auk útsvars.

Álitaefni varðandi sérregluna

Hverjir falla undir 50/20 regluna um skattlagningu arðgreiðslna?

- Þeir sem falla undir 50/20 regluna eru þeir sem bera skyldu til að reikna sér endurgjald.

Hverjum er skylt að reikna sér endurgjald?

- Kemur fram í 4. mgr. 58. gr. tsl.
- Starfandi hluthafi sem á a.m.k. 20% hlut í lögaðilanum.
- Maður sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem:
 - Hann, maki hans barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
- Hverjir hafa ráðandi stöðu?
 - Maður hefur ráðandi stöðu ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila endi eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut í þeim lögaðila.
- Skyldan til að reikna sér endurgjald er ekki til staðar ef lögaðilinn er skráður á opinberum verðbréfamarkaði.

Arðgreiðslur

- Arðgreiðslur skv. XII kafla ehfl. og hfl.
- Þegar hlutafé er lækkað og greitt út til hluthafa - ef greiðslan er hærri en kaupverð hlutanna
- Útgreiðsla við slit félags – ef útgreiðslan er hærri en kaupverð hlutanna

Sameignarfélag (sf.)

Almennt

- félagsskapur þar sem allir félagsaðilar bera óskipta persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins
- lög nr. 50/2007 (engin löggjöf áður)
- að minnsta kosti tveir aðilar (félagsmenn)
- tekjuskattur 36% (val eigenda hvort það er sjálfstæður skattaðili)
- skráningarkostnaður: kr. 83.000 (firmaskrá og fyrirtækjaskrá)

Kostir

- úttektir úr rekstri skattfrjálsar, að jafnaði alltaf hægt að taka úttekt úr rekstri
- ekki kröfur um lágmarks stofnfé
- nú skýrari reglur eftir setningu laga um sameignarfélag
- ekki krafa um skil á ársreikningi til ársreikningaskrár (fer þó eftir félagsaðilum og umfangi rekstrar)
- einfalt að slíta sf.

Gallar

- allir ábyrgir með öllum sínum eigum
- lítil reynsla komin á löggjöf
- erfiðara að selja reksturinn, t.d. vegna ábyrgða/skuldbindinga sem upp geta komið síðar
- 2% stimpilgjald af stofnfé

Sameignarfélag (sf.) (frh.)

Almennt

- samkeppnisbann
- þeim sem tekur þátt í sameignarfélagi er óheimilt að taka þátt í annarri starfsemi sem er í samkeppni við rekstur félagsins (bótaskylda ef ákvæðið er brotið)
- félagsfundur tekur ákvörðun um úthlutun hagnaðar til félagsmanna
- ekki má úthluta félagsmönnum af eignum skráðs sameignarfélags ef það myndi augljóslega skaða hagsmuni félagsins eða kröfuhafa þess. Úthlutun sem er andstæð ákvæðinu ber að endurgreiða til félagsins
- félagsaðild erfist ekki við andlát félagsmanns. Innleysa skal eignarhlut dánarbúsins, á grundvelli verðmætis eigna félagsins – gjaldfellur sex mánuðum eftir andlát.
- hafi félagsmenn í skráðu sameignarfélagi verið færri en tveir í sex mánuði telst félaginu slitið – sýslumanni ber þá að afskrá félagið
- félagsfundur getur ákveðið slit – ef félagsmaður krefst skal skilanefnd kosin, sem annast um slitin. Félagsmaður getur þó ávallt krafist opinbera skipta
- krefja þarf félagið um greiðslu skuldar þess áður en félagsmaður er krafinn um greiðslu

Úr 33. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð:

„Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynnt hefir verið í verslanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna“

Samlagsfélög (Slf.)

Almennt

- ólögbundinn félagsskapur þar sem a.m.k. einn félagsaðili ber beina persónulega ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins
- að minnsta kosti tveir aðilar (aðalmaður og samlagsmaður)
- a.m.k. einn ábyrgur með öllum eignum sínum
- skráningarkostnaður: kr. 83.000 (firmaskrá og fyrirtækjaskrá)

Kostir

- tekjuskattur 36%
- engar hömlur á úttekt úr rekstri – skattfrjálssar (ekki útsvar)
- ákvörðun eigenda hvort það er sjálfstæður skattaðili (ef ekki þá skattlagt hjá eigendum)
- ekki krafa um lágmarks stofnframlag – verður þó að vera eitthvað
- fjárfestar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins
- ekki krafa um skil á ársreikningi til ársreikningaskrár (fer þó eftir félagsaðilum og umfangi rekstrar)
- einfalt að slíta slf.

Gallar

- engin löggjöf
- ábyrgð aðalmanns
- 2% stimpilgjald af stofnfé

Samlagsfélög (Slf.)

Samantekt um slf.

- ábyrgð í raun ekki vandamál umfram ehf.
- skattlagning mun hagstæðari, a.m.k. til skemmri tíma
- frjálsræði hvað varðar úttektir – rökréttara hvað varðar smærri einka- og fjölskyldurekstur

Samlagshlutafélög

Samlagshlutafélög eru blanda af samlags- og hlutafélögum.

- lögbundin skv. XX. kafla hfl.
- lágmark tveir hluthafar (ábyrgðaraðili getur verið hluthafi)
- einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera ótakmarkaða ábyrgð
- stofnfé kr. 4.000.000 (eins og hlutafélag). Skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra
- lög nr. 2/1995, um hlutafélög gilda eftir því sem við á
- enn sem komið er þetta félagaform ekki mikið notað (34 félög skráð í dag)
- skattlögð eins og hlutafélög, þó ekki sjálfstæðir skattaðilar nema sérstaklega sé sóst eftir því við skráningu
- framselja má vald hluthafafundar til ábyrgðaraðila
- ábyrgðaraðili getur gegnt hlutverki stjórnar í samlagshlutafélagi sem stundar fjárfestingastarfsemi, sé hún ekki kosin, svo og störfum framkvæmdastjóra
- aukið frelsi til handa samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingastarfsemi til að víkja frá ákvæðum hlutafélagagalaga

Sjálfseignarstofnanir

Sjálfseignarstofnanir – tvær tegundir, fjárhagslegar og ófjárhagslegar.

- Eiga sig sjálfar (sá sem leggur stofnuninni til fjármuni á ekkert tilkall til þeirra)
- Hvorki stjórnendur né stofnendur bera ábyrgð á skuldbindingum þeirra.
- Stjórnir fara með æðsta valdið, en sjálfstæði þeirra tryggt með lögum.

Fjárhagslegar sjálfseignarstofnanir

Fjárhagslegar – lög nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur

- í atvinnurekstri.
- lágmarksstofnfé kr. 1.000.000.
- skilar ársreikningi til Ársreikningaskrár
- sjálfstæður skattaðili
- skattskyld (36%) – ath. þó ef hagnaði er varið til almannaheilla (framtalsskylda helst þrátt fyrir skattleysi)
- 20% skattlagning af arði, óháð skattskyldu hagnaðar.
 - Starfsemi hliðstæð við einkahlutafélag, t.d. eignarhaldsfélög.

Ófjárhagslegar sjálfseignarstofnanir

Ófjárhagslegar – Lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

- lágmarksstofnfé kr. 692.000 (hækkar árlega m.v. vísitölu neysluverðs)
- staðfest af dómsmálaráðherra (Sýslumaðurinn á Sauðárkróki).
- opinbert eftirlit.
- ársreikningur til Ríkisendurskoðunar.
- hvorki skattskyldar né framtalsskyldar.
- sætir 20% skattlagningu af arði og vöxtum þrátt fyrir skattleysi hagnaðar

Mismunandi skattlagning

Rekstrarform	Tekjuskattur	Skattlagning móttekins arðs	Söluhagnaður hlutabréfa	Skattlagning úttektar
Einstaklingsrekstur	37,34%, 40,24%, 46,24% *	37,34%, 40,24%, 46,24%	37,34%, 40,24%, 46,24%	0
Einka - og hlutafélög	20%	20% - fullur frádráttur á móti arðstekjum	20% - fullur frádráttur á móti arðstekjum	20% nema 50/20 reglan eigi við
Sameignarfélög	36%	20%	36%	0
Samlagsfélög	36%	20%	36%	0
Samlagshlutafélög (sjálfstæður skattaðili)	20%	20% - fullur frádráttur á móti arðstekjum	20% - fullur frádráttur á móti arðstekjum	20% nema 50/20 reglan eigi við
Sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri	36%	20%	36%	Á ekki við
Ófjárhagsleg sjálfseignarstofnun	0	20%	20%	Á ekki við

* Tekjuskattur og meðaltals útsvar

Takk fyrir

Ása Kristín Óskarsdóttir

Lögfræðingur

Skatta- og lögfræðisvið KPMG ehf.

akoskarsdottir@kpmg.is

www.kpmg.is